

Fundargerð safnsráðs Listasafnsins á Akureyri

22. fundur.

Miðvikudaginn 23. október 2019 kl. 11:00 í Listasafninu.

Mætt: Aðalsteinn Þórsson, Hilda Jana Gísladóttir, Rósa Kristín Júlíusdóttir, Þorbjörg Ásgeirsdóttir, áheyrnarfulltrúi starfsmanna og Hlynur Hallsson, safnstjóri.

1. Farið yfir fjárhagsstöðu safnsins og hvað er hægt að bæta og til að gera nákvæmari áætlanir. Listasafnið sem viðurkennt safn hefur ákveðnum skyldum að gegna og það kostar peninga að uppfylla þau skilyrði á mótí koma tekjur sem vert er að nýta.
2. Farið yfir dagskrá safnsins fyrir 2020 og drög að sýningum 2021 og 2022. Sýningum verður fækkað nokkuð og þær lengdar án þess að slá af gæðum.
3. Erindi frá Magnúsi Helgasyni um gjöf á verki eftir hann: Baldur fyrsti, 2018. Verk sem var á sýningunni Hugmyndir sem lauk í ágúst á þessu ári. Samþykkt að þiggja verkið og safnráð þakkar kærlega fyrir gjöfina.
4. Erindi frá Jessicu Tawczynski um gjöf á verki eftir hana: Monolithic Rhizome, 2019. Jessica var fyrsti listamaðurinn sem dvaldi í gestavinnustofunni í september á þessu ári. Samþykkt að þiggja verkið og safnráð þakkar kærlega fyrir gjöfina.
5. Vinir Listasafnsins. Rósa Júlíusdóttir fór yfir möguleikana á því að virkja Vini Listasafnsins enn frekar. Finna ákveðin verkefni og blása lífi í fjölbreytt verkefni sem Vinir Listasafnsins geta komið að. Ákveðið að boða til fundar með undirbúningshópi fyrir hugmyndir og möguleika fyrir stærri fundi og aukinni starfsemi.
6. Aðkoma bæjarins að rekstri safnsins og hugmyndir um skert framlög og lokanir í Gilinu. Aðalsteinn Þórsson fór yfir framtíðarsýnina um Listagilið og lagði áherslu á það þarf að snúa vörn í sókn og að grasrót menningarinnar sé mikilvæg.
7. Önnur mál. Þorbjörg Ásgeirsdóttir fór yfir hversu miklu máli skiptir að standa vörð um Listagilið. Hún sagði einnig frá upplifun starfsfólks á samskiptum vegna fjármála og fjölmiðlaumfjöllun um safnið.

Listasafnsráð mun funda með stjórn Listasafnsins (stjórn Akureyrarastofu) í nóvember.

Ákveðið að næsti fundur safnsráðs verði miðvikudaginn 19. febrúar 2020 kl. 11.

Fundi slitið kl. 13:00